

**S K Ý R S L A**  
**framkvæmdastjóra og stjórnar STEFs**

**Lögð fyrir aðalfund STEFs 11. maí 2013**

**Formáli framkvæmdastjóra**

Kæru samstarfsmenn.

Þetta síðasta starfsár hefur verið viðburðaríkt fyrir samtökin eins og ársskýrslan ber með sér. Rekstur samtakanna hefur gengið vel og enn eitt árið sjáum við aukningu tekna umfram verðbólgu sem er mjög ánægjulegt. Það hins vegar vekur nokkrar áhyggjur að tekjur okkar stærstu viðskiptavina á sviði útvarps og sjónvarps hafa ekki aukist á sama hátt og er því tekjuaukningin borin uppi af innheimtu af smærri aðilum eins og af tónleikum, veitingahúsum og verslunum. Má ímynda sér að ástæða þessa sé að einhverju leyti sú hversu mikil sjóræningjastarfsemi er stunduð á Íslandi hvað varðar bæði miðlun tónlistar og kvikmyndaverka. Þá hefur innkoma aðila eins og Netflix og iTunes inn á þennan markað vafalaust einnig haft áhrif, en þessir aðilar eru þó ekki með samninga við STEF og þegar Íslendingar versla við þessa aðila er það gert undir erlendum nöfnum og IP tölum. Í aprílmánuði tók tónlistarveitan Spotify til starfa á Íslandi eftir að hafa gert samning við STEF og er það von framkvæmdastjóra að hún muni hafa marktæk áhrif á sjóræningjastarfsemi á netinu hér á landi hvað varðar tónlist, enda hefur það verið raunin í þeim löndum sem hún hefur hafið starfsemi.

Framundan eru einnig margvísleg verkefni. Eitt af stærri verkefnum næsta árs verður að taka upp nýtt kerfi fyrir skráningar verka, höfunda og úthlutun. Núverandi kerfi var upphaflega smíðað af Magnúsi Guðmundssyni starfsmanni STEFs fyrir um þrjátíu árum síðan og þrátt fyrir að það hafi þjónað samtökunum afskaplega vel í öll þessi ár, er ljóst að nauðsynlegt er að endurnýja kerfið. Á sama tíma eru öll norrænu systursamtök okkar að flytja sig yfir í kerfið „ICE“ sem smíðað var sameiginlega af höfundaréttarsamtökunum STIM í Svíþjóð og PRS í Bretlandi. Mun NCB væntanlega einnig taka upp þetta kerfi. Þetta þýðir að tenging kerfis STEFs við Nord-doc kerfið sem tengir saman kerfi okkar við kerfi systursamtaka okkar er einnig í uppnámi. Liggur því beinast við að STEF muni einnig færa sig yfir á ICE kerfið. Er þessa dagana verið að skoða ákveðna kosti og leiðir í því sambandi og verður endanleg ákvörðun um þetta væntanlega tekin af stjórn STEFs í haust.

Reykjavík, 10. maí 2013



**Guðrún Björk Bjarnadóttir**

Liðið starfsár hófst samkvæmt venju með aðalfundi STEFs sem haldinn var 11. maí 2012. Hér á eftir verður greint frá helstu viðburðum í starfsemi samtakanna á árinu.

## 1. Stjórn STEFs og stjórnarfundir.

Í stjórn STEFs á liðnu starfsári áttu sæti: Jakob Frímann Magnússon formaður, Kjartan Ólafsson varaformaður, Áskell Mátsson, Óttarr Ó. Proppé, Sigurður Flosason, Atli Heimir Sveinsson og Sigvaldi Snær Kaldalóns

Á starfsárinu voru haldnir alls 8 stjórnarfundir auk fulltrúaráðsfundar í desember 2012. Í samræmi við samþykktir STEFs og fyrri venju sátu fundina, auk fyrrgreindra stjórnarmanna, undirrituð Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri og Jenný Davíðsdóttir skrifstofustjóri.

Haldinn var opinn fundur fyrir meðlimi STEFs og aðra áhugasama þann 15. maí 2012.

## 2. Almenn starfsemi

Starfsmenn á skrifstofu STEFs voru á starfsárinu, þau Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri, Jenný Davíðsdóttir skrifstofustjóri, Guðrún Ásdís Lárusdóttir innheimtufulltrúi, Magnús Guðmundsson skrásetjari, Sigríður Guðjónsdóttir gjaldkeri, Brynja Guðmundsdóttir, skrásetjari, Guðný Rósa Gísladóttir bókarari og Bjarney Gísladóttir sem var í hlutastarfi í átaksverkefnum.

Nýr innheimtu- og markaðsstjóri var ráðinn á haustmánuðum 2012, Hrafnkell Pálmarsson, og hóf hann störf þann 1. janúar 2013.

Að framkvæmdastjóra meðtöldum eru fastráðnir starfsmenn STEFs nú 8 talsins, þar af er einn starfsmaður í hlutastarfi.

### Yfirlit yfir viðskiptavina fyrrverandi innheimtustjóra yfir til skrifstofu STEFs

Gunnar Stefánsson lögfræðingur hætti endanlega störfum fyrir STEF þann 31. desember 2012 í samræmi við starfslokasamning sinn, en frá því í september 2010 hafði hann einungis annast innheimtu á landsbyggðinni (fyrir utan Akureyri og nágrenni). Skilaði Gunnar í septembermánuði 2012 yfirliti yfir þá viðskiptavini sem hann hafði annast innheimtu á og hefur síðan þá verið unnið að því að yfirfara þau gögn og innleiða inn í Navision sölukerfi STEFs. Var þeirri vinnu endanlega lokið nú í maímánuði.

### Aðstoð við einstaka höfunda

Að venju aðstoðar skrifstofa STEFs á ári hverju töluverðan fjölda höfunda. Beiðnir um aðstoð vegna samninga um útgáfu hljómríta, samningar við forleggjara, samningar við kvikmyndaframleiðendur og jafnvel umboðsmenn voru allmargar sl. ár. Þá er einnig nokkuð algengt að einstakir höfundar hafi aðstoð vegna hugsanlegs brots á sæmdarrétti, s.s. vegna breytingar á textum án heimildar og notkun laga í auglýsingar án viðhlítandi

samþykkis höfundar. Þá hefur skrifstofa STEFs einnig unnið að því að aðstoða höfunda við að afla leyfa vegna íslenskra texta við erlend lög.

### Leiði Jóns Leifs

Kirkjugarðar Reykjavíkur höfðu samband við skrifstofu STEFs og óskuðu eftir því að samtökin greiddu kostnað við að reisa við minnimerki það sem STEF lét reisa til minningar um Jón Leifs við leiði hans. Var fallist á að greiða þann kostnað. Í framhaldinu var ákveðið að merkja leiðið betur og var settur á það upplýsingaskjöldur í samráði við erfingja myndhöggvara minnimerkisins.

## **3. Breytingar á úthlutunarreglum**

Eins og fram kom í síðustu ársskýrslu skipaði stjórn STEFs nefnd til að gera drög að reglum um útsetningar þjóðlaga. Nefndin skilaði af sér vinnu sinni á starfsárinu og í framhaldinu samþykkti stjórn STEFs tillögu að slíkum reglum auk nauðsynlegra breytinga á úthlutunarreglum STEFs sem síðan var lögð fyrir fulltrúaráðsfund STEFs í desembermánuði. Var tillaga stjórnar samþykkt með örlitlum breytingum.

Nánar tiltekið var úthlutunarreglum STEFs breytt á þann hátt í stað 4 punkta fyrir útsetningu þjóðlags verða sjálfkrafa skráðir 3 punktar til útsetjara. Gengið er þó út frá því að útsetningin uppfylli lágmarkskröfur um útsetningu og áskilur STEF sér rétt til að meta framlag útsetjara að þessu leyti og breyta eða afnema skráningu á útsetjarahlut í kjölfarið.

Þá var um leið kynnt nýtt eyðublað fyrir samkomulag útsetjara og tónhöfundar vegna útsetningar verndaðra verka og leiðbeininga til aðila um gerð slíks samkomulags. Þá var samþykkt að undir 7. gr. úthlutunarreglna STEFs komi útskýring á því að samkomulag tónhöfundar og útsetjara sé forsenda fyrir því að útsetjari fái hlutdeild í höfundarétti verksins.

## **4. Samningar og samskipti við útvarpsstöðvar**

Samningsgerð og önnur samskipti við útvarpsstöðvar, þ.e. hljóðvarps- og sjónvarpsstöðvar, er jafnan þýðingarmikill þáttur í starfsemi STEFs, enda stafar stór hluti af höfundaréttargjöldum fyrir opinberan flutning tónverka hér innan lands frá þeim.

Þrátt fyrir samdrátt í íslensku efnahagslífi á síðustu árum, sem auðvitað hefur bitnað á útvarpsstöðvunum, eins og öðrum, hafa tekjur STEFs frá stærstu stöðvunum, Ríkisútvarpinu ohf. (RÚV) og 365 miðlum ehf. aukist lítillega frá síðasta ári samkvæmt ársreikningi samtakanna. Þess ber þó að geta að tekjuaukningin er nokkuð undir verðbólguþróun sama tímabils, en samningar STEFs við þessa miðla eru þess eðlis að þeir greiða tiltekið hlutfall af heildartekjum sínum til STEFs óháð tónlistarnotkun sinni.

Fyrirtækið Hljómar vel ehf. rekur nú þrjár útvarpsstöðvar og er stöðin Flass þeirra stærst. Eru höfundaréttartekjur frá þessum aðila mikilvæg viðbót við tekjustofn STEFs.

Þá hafa tekjur frá Skjánum aukist verulega á milli ára, er það bæði vegna vaxtar sjónvarpsrekstrar Skjásins en ekki síst vegna samnings um notkun tónlistar í gagnvirku sjónvarpi (VOD) sem Skjárinn rekur undir heitinu „Skjábíó“. Sambærilegur samningur sem skilar STEFi auknum tekjum er einnig við Vodafone sem rekur gagnvirkt sjónvarp undir vörumerkinu „Leigan“.

## 5. Samningar og samskipti við aðra viðskiptamenn

Samskipti STEFs við aðra gjaldskylda aðila en útvarpsstöðvar hafa að stærstum hluta verið í föstum skorðum á liðnu starfsári. Í samræmi við breyttar áherslur við markaðssetningu og innheimtu höfundaréttargjalda hefur verið haldið áfram á þeirri braut að gera samninga um fast gjald tónleikastaða eða að tónleikastaðir taki að sér innheimtu fyrir STEF gegn umsýslugjaldi, til að gera innheimtuna í senn hagkvæmari og skilvirkari. Á starfsárinu var t.a.m. gerður slíkur samningur við Menningarhúsið Hannesarholt.

Í tilviki tónlistarhússins Hörpu er hins vegar samningur STEFs á þá leið að Harpa skuldbindur sig til að hleypa aðilum ekki upp á svið nema þeir hafi áður sýnt fram á að þeir hafi gert samning um höfundaréttargjöld við STEF. Verði misbrestur á þessu getur STEF óskað eftir því að fá greitt af miðasölu viðkomandi tónleika frá Hörpu. Hafa nokkrar viðræður verið við forsvarsmenn Hörpu vegna þessa með það í huga að endurskoða samkomulagið.

Náðst hefur samkomulag um endurnýjun samnings við Sinfóníuhljómsveit Íslands, sem felur í sér 30% hækkun á höfundaréttargjöldum hljómsveitarinnar á ári, eða úr 3,8 millj. í 5 millj. kr. Eftir á að ganga frá formlegri undirritun.

## 6. Samningar við tónlistarveitur á Internetinu

Á starfsárinu var samningur STEFs við Gogoyoko endurnýjaður og er samningurinn mun betri fyrir STEF en eldri samningur, sérstaklega hvað varðar tekjur af streymi.

Þá hefur verið gengið frá samningi við Icelandic cinema online vegna útleigu íslenskra kvikmynda á netinu.

Í gegnum NCB voru gerðir samningar bæði við tónlistarveiturnar Rdio, Deezer og Spotify. Er það von STEFs að með auknu framboði á löglegu efni á á vefnum muni sjóræningjastarfsemi minnka, en sú hefur verið raunin í nágrannalöndum okkar.

## 7. Markaðsmál

Á starfsárinu var haldið áfram með það verkefni að auka upplýsingagjöf um starfsemi samtakanna út á við. Þannig komu til STEFs ýmsir hópar sem fengu kynningu á samtökunum. Má þar helst nefna nemendur Listaháskóla Íslands í tónsmíða- og flytjendadeild, nemendur í höfundarétti við Háskólann í Reykjavík og meðlimi KÍTÓN sem komu tvisvar sinnum í heimsókn. Þá var sigurvegurum og síðan öðrum meðlimum Músíktílauna boðið í heimsókn og hefur það gefist vel að nota þann vettvang sem leið

til að ná til yngri tónhöfunda. Safnadeild RÚV kom einnig til STEFs auk þess sem tveir klúbbar innan Roundtable komu í heimsókn.

Starfsmenn samtakanna fóru einnig víða í því sambandi að kynna samtökin eins og á kynningarkvöld fyrir hljómsveitir Airwaves og til Margmiðlunarskólans.

Haldnir voru fundir með bæði Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins þar sem lögð var áhersla á sameiginleg hagsmunamál á sviði hugverkaréttinda.

Framkvæmdastjóri hefur setið nokkra fundi með Einkaleyfastofunni, mennta- og menningarmálaráðuneytinu, öðrum réttthafasamtökum, Marel og Össuri um samstarf varðandi fræðslu til nemenda um hugverkarétt í skólum, þ.m.t. um ólöglega dreifingu tónlistar á Internetinu. Er verkefnið enn á hugmyndastigi.

Á starfsárinu setti STEF í loftið fésbókarsíðu þar sem samtökin birta ýmsar fréttir af starfsseminni. Hefur síðan fallið í góðan jarðveg en hins vegar eru vinir síðunnar ekki nema um 540 talsins og má því gera betur í því að koma síðunni á framfæri og þá sérstaklega við meðlimi STEFs.

## **8. Not tónlistar í sjónvarpi og kvikmyndum**

Á starfsárinu útbjóst kvikmyndahópur STEFs bæði tékklista fyrir kvikmyndatónskáld til að hafa í huga við samningsgerð við framleiðendur svo og samningsform sem hægt er að styðjast við sem birt er á heimasíðu STEFs. Var það niðurstaðan að STEF útbjóst slíkt samningsform einhliða eftir að ljóst var að ekki var sérstakur áhugi hjá SÍK að standa saman að gerð slíks form.

Mikil umræða hefur einnig verið á árinu um hljóðsetningargjald til höfunda þegar viðkomandi framleiðanda er ekki heimilt að útvarpa verki samkvæmt samningi við STEF, sbr. ákvæði 23. gr. höfundalaga um bráðabirgðaupptöku verka. Vann NCB slíkt mál við framleiðendur efnis í Danmörku bæði fyrir héraðsdómstól og Evrópudómstólum en var málinu áfrýjað til Hæstaréttar Danmörku. Töldu bæði héraðsdómstóllinn og Evrópudómstóllinn að til þess að framleiðandi þyrfti ekki að greiða sérstakt hljóðsetningargjald yrði framleiðsla verksins að vera alfarið á ábyrgð viðkomandi sjónvarpsstöðvar. Í þessu sambandi hefur NCB hafið vinnu við gerð kerfis sem auðvelda á framleiðendum að sækja um hljóðsetningarleyfi.

## **9. Aðgerðir gegn ólögmati notkun tónlistar á Internetinu**

STEF hefur haldið áfram þeirri vinnu á starfsárinu að reyna að hefta ólöglega dreifingu tónlistar. Hefur aðallega verið unnið að þessu í samstarfi við helstu réttthafahópa hér á landi en Menningarsjóður IHM hefur styrkt starfið fjárhagslega. Á þessum vettvangi var unnið að auglýsingaherferð undir heitinu „Metum listina að verðleikum – njótum hennar löglega“ sem fram fór í fjölmiðlum og kvikmyndahúsum í janúar og febrúarmánuði og var ætlað að hvetja Íslendinga til að kaupa tónlist og kvikmyndir löglega. Í tengslum við þetta átak var opnuð heimasíðan [www.tonlistogmyndir.is](http://www.tonlistogmyndir.is) þar

sem hægt er að nálgast auglýsingarnar, sjá lista yfir löglegar þjónustuveitur auk ýmissa annarra upplýsinga er efnið varða. Var herferðinni hleypt af stokkunum með blaðamannafundi í Hljómskálanum og fékk hún í kjölfarið allmikla umfjöllun hjá fjölmiðlum. Hafa flestar auglýsingarnar á heimasíðunni verið skoðaðar um 800-900 sinnum.

Gerð var könnun hjá Capacent áður en átakið fór af stað og í stuttu máli er það niðurstaða hennar að um 37% aðspurðra segjast reglulega hlaða niður kvikmyndum eða tónlist á Internetinu án þess að rétt höfum sé greitt.

Hafa réttshafasamtökin sameiginlega fengið Tómas Jónsson lögmann til að fara með tvö lögmannsmál á hendur Símanum og Vodafone þar sem farið verður fram á að þau loki aðgengi að annars vegar Pirate Bay vefsíðunni og hins vegar deildu.net vefsíðunni. Sendu samtökin formlegt viðvörunarbréf til þessara fjarskiptafyrirtækja auk þess sem fundir hafa verið haldnir með þeim um málið. Áður en þessi lögmannsmál verða sett af stað verður gerð lokatilraun til að ná samkomulagi við fjarskiptafyrirtækin um að loka aðgengi að síðunum.

Á sama vettvangi hefur verið unnið að því að fá stjórnvöld til að leggja til lagabreytingar til að auðvelda lokun á aðgengi að ólöglegum vefsíðum á svipaðan hátt og var nýverið samþykkt í norska þinginu og í samræmi við bókun STEFs, SFH og fjarskiptafyrirtækjanna sem gerð var ítarleg grein fyrir í síðustu ársskýrslu. Því miður reyndist ekki vera pólitískur vilji fyrir því að taka slíkt skref að svo stöddu.

Þá var einnig haldinn fundur með Félagi um stafrænt frelsi sem gaf mikilsverðar ábendingar um hvað það er sem skiptir máli fyrir þennan hóp neytenda.

Í byrjun maímánaðar gerðist það að sjóræningjasíðan [www.thepiratebay.gr](http://www.thepiratebay.gr) breytti léni sínu í íslenskt höfuðlén [www.thepiratebay.is](http://www.thepiratebay.is). Í kjölfarið fóru fram mikil fundahöld hjá samstarfshópi rétthafa þar sem skoðað var hvað hægt væri að gera til að koma síðunni úr landi. Haft var m.a. samband við samstarfsaðila í Svíþjóð sem að voru í þann mund að stefna síðunni fyrir dóm í Svíþjóð og var íslenska höfuðlénið hluti af þeirri málsókn. Var það til þess að sjóræningjasíðan færði sig enn um set og nú til eyjarinnar St. Kitts.

Þá vill stjórn STEFs leggja á það áherslu undir þessum lið að enn er unnið að því að fá því framgengt í samvinnu við SFH (Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda) að fjarskiptafélög bæti að einhverju leyti höfundum það tjón sem hin ólögleg notkun á verkum þeirra á Internetinu veldur þeim með einhvers konar gjaldtöku. Virðist ákveðinn viðsnúningur hafa átt sér stað í afstöðu hljómplötuframleiðenda til þessarar hugmyndar sem vekur upp þá von að málið nái höfn.

## 10. Samskipti við yfirvöld

Spænsk skattyfirvöld hafa af einhverjum ástæðum ekki viljað taka gilda þá yfirlýsingu sem Ríkisskattstjóri hefur gefið út um skattaskil höfunda sem búsettir eru á Íslandi. Af þessum sökum hefur STEF beðið spænsku höfundaréttarsamtökin SGAE að bíða með úthlutun til Íslands þar til botn er kominn í málið. Í framhaldinu óskaði STEF eftir því við fjármála- og efnahagsráðuneytið að íslensk stjórnvöld hefji viðræður við stjórnvöld

á Spáni til að leysa ágreining þennan í samræmi við 25. gr. tvísköttunarsamnings við Spán.

Á starfsárinu skilaði STEF inn þremur umsögnum til efnahags- og skattanefndar Alþingis vegna frumvarps til breytinga á tekjuskattslögum sem miðaði að því að greiddur yrði fjármagnstekjuskattur af höfundaréttartekjum en ekki tekjuskattur. Því miður náði málið ekki fram að ganga á þessu þingi, en þetta hefur verið baráttumál STEFs til margra ára.

## **11. Samstarf við STIM varðandi erlenda úthlutun**

Eftir heimsókn framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra til STIM á síðasta ári náðist samningur við STIM um að samtökin myndu lækka þá þóknun sem þau taka fyrir að úthluta fyrir STEF til erlendra réttihafa. Sú ánægjulega niðurstaða náðist að STIM lækkar þóknun sína úr 19% í 10%.

## **12. Samstarf við SFH um innheimtu**

Á starfsárinu var endurnýjaður samstarfssamningur STEFs og SFH, en samkvæmt samningnum tekur STEF að sér fyrir SFH þá innheimtu sem Gunnar Stefánsson sá áður um fyrir SFH. Felur samningur þessi í sér nokkra tekjuaukningu fyrir STEF.

## **13. Málefni textahöfunda**

Eftir umsögn frá FTT (Félagi tónskálda og textahöfunda) ákvað stjórn STEFs að STEF myndi hætta greiðslum til textahöfunda sem ekki hafa aflað sér leyfa fyrir textum sínum við erlend lög þann 31. desember 2012. Gætu einstakir textahöfundar sótt um framlengingu í allt að sex mánuði frá þeim tíma ef sýnt væri að þeir væru að vinna í að afla sér nauðsynlegra leyfa. Í framhaldinu sendi skrifstofa STEFs út bréf til þeirra textahöfunda sem áttu 3 eða fleiri texta við erlend lög sem skráðir voru án leyfis lagahöfunda. Var þetta í annað sinn sem slíkt kynningarbréf var sent út til innlendra textahöfunda um málið. Á sama tíma var málið kynnt á heimasíðu STEFs. Nokkur viðbrögð urðu við þessu og hefur skrifstofa STEFs aðstoðað nokkra höfunda í þessu sambandi. Í framhaldinu kom upp mál þar sem tiltekinn höfundur ætlaði að gefa út mjög þekkt erlent lag með íslenskum texta en hætti við þegar hann áttaði sig á því að slíkt væri ekki í samræmi við höfundalög. Var stjórn STEFs tilneydd til að gefa út yfirlýsingu um málið eftir að það hafði vakið athygli fjölmiðla.

## **14. Ferðasjóður**

Í allmörg ár hefur verið meira úthlutað úr Ferðasjóði STEFs en sem nemur árlegri ávöxtun höfuðstóls sjóðsins. Hefur hann því minnkað að verðgildi og nam höfuðstóll hans í árslok 2011 skv. ársreikningi samtakanna kr. 16.459.880. Þar sem stjórn STEFs taldi hlutverk sjóðsins mjög mikilvægt meðlimum STEFs ákvað stjórnin að styrkja sjóðinn þannig að hann geti áfram sinnt hlutverki sínu með sambærilegum hætti. Var það gert með framlagi til sjóðsins upp á 15 milljónir á síðasta ári eins og sjá má í

ársreikningi. Ljóst er að þrátt fyrir þetta viðbótarframlag mun sjóðurinn ekki geta úthlutað jafnháum styrkjum ef ekki á að skerða höfuðstól sjóðsins.

## 15. NCB

Sú breyting sem varð á síðasta ári hjá NCB með lokun allra landsskrifstofa samtakanna fyrir utan á Íslandi og í Tallin hefur gengið ágætlega. Breytingin var liður í því að lækka rekstrarkostnað samtakanna og mæta þannig lækkandi tekjum samtakanna af útgáfu hljóðrita. Er rétt að minna á að STEF er að greiða verulega með starfsemi NCB hér á landi, en stjórn STEFs hefur talið það vera mikilvægan hluta í þjónustu við rétthafa að þeir gætu leitað til NCB á Íslandi varðandi fyrirspurnir um útgáfumál og að með rekstri útibús NCB á Íslandi að Laufásvegi 40 gætu höfundar fengið heildstæða þjónustu vegna höfundaréttarmála á einum stað á tungumáli sem þeir skilja.

Vert er að vekja athygli á að þvert á allar spár hefur útgáfa á Íslandi á hljóðritum aukist milli ára, hins vegar er vert að geta þess að markaðurinn hefur einkennst af því að mjög fáir titlar hafa selst mjög vel. Tekjur NCB frá Íslandi uxu um 21,6% milli árána 2010 og 2011 og var 40% aukning milli árána 2011 og 2012 skv. bráðabirgðatölum frá NCB. Tekjur frá Íslandi nema þó ekki nema 0,7% af heildartekjum NCB.

Sýnir rekstrarafkoma NCB nú í fyrsta sinn í yfir 10 ár merki um bata og er það vegna stóraukningar innheimtu á höfundaréttargjöldum vegna tónlistarveita á Internetinu á Norðurlöndum. Um leið hefur þetta þýtt stórúkið gagnamagn sem fer í gegnum NCB. Þannig hefur gagnamagn á síðustu 5 árum hefur aukist frá 1,3 terabyte yfir í 48 terabyte árlega. Í gegnum NCB fara t.d. upplýsingar um 750 millj. streyma á mánuði hjá Spotify í Noregi, Danmörku og Finnlandi. Er virði hvers straums í Danmörku frá Spotify frá 0,04 IKR til 0,6 IKR. Um leið hefur magn óþekkra verka aukist mikið sem aftur leiðir til vandamála við úthlutun. Verið er að skoða leiðir til úrbóta svo sem að úthluta einungis ef virði flutninga verks fer yfir ákveðið mark.

STIM í Svíþjóð sem er eitt aðildarfélag NCB ákvað fyrir skömmu að draga sig út úr samstarfi í gegnum NCB varðandi on-line samninga og að gera slíka samninga í framhaldinu sjálf („direct licensing“) auk þess að annast bakvinnslu og reikningagerð vegna þeirra. Getur þetta þýtt allt að 30% minni innheimtu fyrir NCB hvað varðar tekjur frá tónlistarveitum á Internetinu. Innan stjórnar NCB er nokkur titringur vegna þessa og spurning er hvaða áhrif þetta mun hafa til framtíðar.

Nýtt félag NMP (Network for Music Partner) hefur verið stofnað utan um samstarfsverkefni NCB og PRS í Bretlandi um bakvinnslu fyrir PRS svo og aðra aðila eins og EMI. Hafa allmargir starfsmenn NCB svo og gagnagrunnur NCB verið fært yfir í þetta nýja félag.

Gamalt baráttumál náðist hjá NCB á Íslandi fyrir skömmu þegar bæði Myndform og Samfilm gengu til samninga um dreifingu á DVD myndum við NCB. Þá er samningur við Myndbandavinnsluna sem framleiðanda DVD mynda einnig á lokastigi.



## 16. Samtónn

Samtónn er samstarfsvettvangur SFH og STEFs um sameiginleg hagsmunamál. Stjórn Samtóns var á liðnu starfsári skipuð þeim Ásmundi Jónssyni (SFH), Birni Th. Árnasyni (SFH), Guðrúnu Björk Bjarnadóttur (STEF), Gunnari Guðmundssyni (SFH), Jakobi F. Magnússyni (STEF) og Kjartani Ólafssyni (STEF). Er Kjartan Ólafsson formaður Samtóns.

Markmiðið með þessu samstarfi er „að vinna að sameiginlegum hagsmunum og styrkja stöðu höfunda, flytjenda, framleiðenda og annarra réttihafa að tónlist“, eins og segir í samþykktum fyrir Samtón. Á undanförunum árum hefur með tilkomu þessa sameiginlega vettvangs tekist að koma mörgum baráttumálum tónhöfunda, tónflytjenda og hljómplötuframleiðenda í höfn. Helstu verkefni Samtóns á árinu voru:

- Dagur íslenskrar tónlistar
- Þátttaka í Reykjavík – Loftbrú
- Þátttaka í ÚTÓN
- Íslensku tónlistarverðlaunin
- Ráðstefnan „Músíkmýtur“ sem haldin var í samstarfi við fleiri aðila.

Á Degi íslenskrar tónlistar var útvarpsmanninum Ólafi Páli Guðmundssyni veitt verðlaun Samtóns „Lítill fugl“ fyrir starf sitt í þágu íslenskrar tónlistar.

Íslensku tónlistarverðlaunin hafa vaxið ár frá ári og hefur kostnaður STEFs við þátttöku í þeim um leið aukist. Hefur STEF þó talið þann kostnað réttlætanagerlegan en vill um leið leita leiða til að gera STEF sýnilegra á þessum viðburði.

Á vettvangi Samtóns hefur einnig að undanförunu verið rætt um hvernig auka megi samstarf ÚTÓNs og Íslenskrar tónverkamiðstöðvar þegar kemur að kynningum og markaðsstarfi á höfundum og flytjendum sígildrar tónlistar. Var skipaður sérstakur vinnuhópur um þetta verkefni í kjölfar umræðufundar helstu hagsmunaaðila, mun vinnuhópurinn skila af sér tillögum sínum fljótlega.

## 17. FJÖLÍS og IHM

Starfsemi þessara tveggja regnhlífarsamtaka, sem STEF á aðild að, hefur verið í tiltölulega föstum skorðum síðustu árin. Er því ástæðulaust að hafa mörg orð um þau að þessu sinni, þó ber að vekja sérstaka athygli á því að tekjur frá bæði IHM og Fjölís hafa verið að dragast saman á undanförunum árum.

Hefur þeirri vinnu verið haldið áfram á starfsárinu að endurskoða reglur um gjaldtöku af auðum böndum og diskum í ljósi breyttrar afritunartækni, þannig að gjaldstofninn taki mið af þeim tækjum sem algengast er að nota til afritunar í dag. Mennta- og menningarmálaráðuneytið kynnti IHM drög að nýrri reglugerð og sendi IHM í kjölfarið inn umsögn sína um drögin. um breytingar á þeim Virðist málið helst stranda á fjármálaráðuneytinu sem telur að lagabreytingu þurfi til.

Hefur STEF nokkrar áhyggjur af því að FJÖLÍS hefur ekki samninga við nokkuð marga tónlistarskóla, lúðrasveitir og kóra en greiðslur frá þessum aðilum eru mikilvægur tekjupóstur fyrir STEF. Vegna þessa samþykkti stjórn STEFs eftirfarandi ályktun:

*Stjórn STEFs samþykkir að skora á Fjölís að beita sér fyrir því að ganga frá samningum við þá kóra og lúðrasveitir sem eru án samnings við Fjölís í dag. Ef Fjölís af einhverjum ástæðum treystir sér ekki í verkið, er STEF tilbúið til að taka að sér verkið gegn sanngjarnri þóknun. Að sama skapi óskar stjórn STEFs eftir því að skipting tekna af samningi FJÖLÍS við grunnskóla verði endurskoðuð og taki þá mið af því að tónlistarkennsla fer í síauknum mæli fram innan grunnskólanna.*

## 18. Erlend samskipti.

### Norrænt höfundaréttarþing

Framkvæmdastjóri sótti norræna höfundaréttarþingið í Helsingör í maímánuði. Er þingið vettvangur sérfræðinga í höfundarétti á Norðurlöndunum, burtséð frá því hvort að þeir starfa fyrir hið opinbera, háskóla, stofnanir eða samtök eða eru sjálfstætt starfandi lögmennt. Er þingið haldið á þriggja ára fresti og verður það næst haldið á Íslandi.

### Heimsókn til PRS í Bretlandi.

Starfsmenn STEFs fóru í heimsókn til PRS og MCPS í Bretlandi í septembermánuði. Fékk STEF mjög góðar móttökur og var starfsfólki STEFs kynntar ýmsar hliðar á starfsemi þessara systursamtaka. Var ferðin einnig notuð til að heimsækja skrifstofu ASCAP í London svo og til að hitta fleiri samstarfsaðila.

### Norrænn fundur markaðs- og innheimtustjóra

Norrænn fundur markaðs- og innheimtustjóra var haldinn í Stokkhólmi í októbermánuði. Á fundinum var mikið rætt um gjaldskrár vegna lifandi tónlistar og þróun markaðarins hvað varðar lifandi tónlist. Þá var einnig mikið rætt um samkeppni og samstarf við tónlistarveitur sem bjóða upp á „frjálsa tónlist“ til viðskiptavina höfundaréttarsamtaka.

### Nordisk Union

Á starfsárinu var haldinn svokallaður Nordisk Union fundur, en hann hefur verið haldinn á tveggja ára fresti. Fór fundur þessi fram í Kaupmannahöfn í desember og sótti framkvæmdastjóri og varaformaður STEFs fundinn.

### GESAC

Stjórn STEFs tók þá ákvörðun á starfsárinu að óska eftir aðild að GESAC sem eru samtök höfundaréttarsamtaka innan evrópska efnahagssvæðisins. Hefur framkvæmdastjóri sótt einn fund hjá þeim eftir að aðildin var samþykkt. Með aðildinni hefur upplýsingaflæði um það sem helst er á baugi hverju sinni hjá Evrópusambandinu og varðar höfundarétt stóraukist.

### Evrópunefnd CISAC

Framkvæmdastjóri sótti fund Evrópunefndar CISAC í Bratislava í aprílmánuði.

## ECSA

Formaður og varaformaður sóttu einnig á árinu fundi samtaka evrópskra tónhöfunda (ECSA). Þá tók Kjartan Ólafsson sæti í stjórn ECSA á starfsárinu.

### **19. Höfundaréttarmálefni**

Á vettvangi Evrópusambandsins er unnið að gerð tilskipunar um innheimtusamtök. Ljóst er að þegar tilskipun þessi verður innleidd í íslensk lög mun það kalla á nokkrar breytingar á stjórnskipulagi STEFs. Ennþá er þó of snemmt að segja nákvæmlega til um hverjar þær breytingar verða, enda eru ákveðin atriði í tilskipuninni mjög umdeild og óvíst hvernig endanleg útgáfa verður. Hefur verið mjög gott að geta fylgst með framvindu þessa máls í gegnum Evrópusamtökin GESAC.

Á vettvangi Evrópusambandsins hefur einnig verið mikil umræða um gjöld á auð bönd og tæki (IHM gjald), en sérstakur sáttasemjari var fenginn til að leggja fram tillögur um endurskoðun á þessu kerfi. Skemmst er frá því að segja að höfundaréttarsamtök voru mjög ósátt við tillögur hans. Er talið ólíklegt að núverandi framkvæmdastjórn Evrópusambandsins muni leggja til lagasetningu um þetta efni, enda stutt eftir af valdatíð hennar.

STEF ásamt 20 öðrum evrópskum höfundaréttarsamtökum vann mál gegn framkvæmdastjórn Evrópusambandsins í aprílmánuði fyrir Evrópudómstólnum. Málið á rætur sínar að rekja til þess að á árunum 2000 og 2003 bárust framkvæmdastjórn Evrópusambandsins kvartanir um ólöglegt samráð höfundaréttarsamtaka hvað varðar skilyrði til aðildar að samtökunum og um takmörkun á starfssvæði samtakanna. Almenn miða höfundaréttarsamtök starfssvæði sitt við landamæri þess ríkis þar sem þau starfa. Leiddu kvartanirnar til þess að á árinu 2008 tók framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ákvörðun um að ógilda ákvæði um takmörkun á starfssvæði í gagnkvæmum samningum samtakanna. Í millitíðinni höfðu samtökin fallist á að breyta ákvæðum um skilyrði aðildar að samtökunum. Í framhaldi af þessu höfðuðu samtökin mál og kröfðust ógildingar á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar. Þann 12. apríl sl. dæmdi Evrópudómstóllinn í málinu höfundaréttarsamtökum í vil og er niðurstaðan sú að öllum ásökunum framkvæmdarstjórnarinnar er hafnað. Fram kemur í dómnum að engar sannanir liggja fyrir ólöglegu samráði samtakanna heldur eru þvert á móti eðlilegar ástæður fyrir því að höfundaréttarsamtök kjósi að takmarka starfssvæði sitt við landamæri ríkja svo sem eins og möguleikar á að vernda höfundarétt meðlima sinna innan viðkomandi ríkis sem krefst bæði þekkingar á viðkomandi markaði svo og viðveru í viðkomandi ríki. Niðurstaða þessi er mjög mikilvæg fyrir evrópsk höfundaréttarsamtök, nú þegar höfundaréttur á víða undir högg að sækja. Þá mun dómurinn hugsanlega opna á möguleika evrópskra höfundaréttarsamtaka að starfa saman að því og einfalda það ferli að veita leyfi til tónlistarveita sem vilja starfa á hinu evrópska efnahagssvæði.

Á vettvangi höfundaréttarnefndar sem er skipuð ráðherra mennta- og menningarmála til ráðgjafar um höfundaréttarmál hefur undanfarið verið unnið að heildarendurskoðun höfundalaga. Liggur fyrir frumvarp til breytinga á I. kafla laganna, en í því eru ýmis hugtök skýrð nánar en í dag auk þess sem það er tekið skýrt fram að miðlun verka í gegnum Internetið teljist birting þeirra í skilningi laganna. Er nú unnið að endurskoðun ákvæða laganna um sammingskvaðir, en þar er um að ræða grundvallarákvæði fyrir

starfsemi STEFs og er mjög mikilvægt að vel takist til með breytingar á þeim kafla. Eitt af því sem þar er til skoðunar er sú skylda STEFs að leggja gjaldskrá sína til samþykktar ráðuneytisins.

## 20. Fjárhagur

Innlendar flutningsréttartekjur STEFs (þ.e.a.s. þær tekjur STEFs sem að skrifstofa STEFs innheimtir) árið 2012 námu kr. 389.840.855 en námu á árinu 2011 kr. 362.495.310, sem þýðir aukning um 7% milli ára sem verður að teljast mjög viðunandi árangur í ljósi þess að mjög lítil aukning hefur verið á tekjum STEFs frá stærstu viðskiptavinum samtakanna, Ríkisútvarpinu og 365 miðlum á sama tíma.

Heildartekjur STEFs árið 2012 að undanskildum fjármagnstekjum, námu kr. 566.076.299, en á árinu 2011 voru heildartekjur samtakanna kr. 538.773.328. Jukust heildartekjur STEFs því um 5% milli ára.

Mikil sveifla var samt á erlendum flutningsréttartekjum á sama tíma og lækkuðu þær um 9,4 milljónir, á móti hækkuðu upptökuréttartekjur STEFs sem innheimtar eru af NCB um 4 milljónir sem er mjög athyglisvert og sýnir hversu mikil útgáfa átti sér stað á þessu tímabili.

Sú aukning sem sást á síðast ári varðandi tekjur frá almennum tónleikum, heldur áfram á þessu starfsári og jukust tekjur um 20% undir þessum lið.

Kostnaður við rekstur STEFs, að frátöldum fjármagnsgjöldum, nam kr.109.962.272 á móti kr. 115.591.050 árið 2011 sem er lækkun um 5% á milli ára. Er meginskýringin á þessari lækkun, launagreiðslur til bæði fyrrverandi framkvæmdastjóra á síðasta starfsári. Að öðru leyti er rekstrarkostnaður mjög svipaður á milli ára.

Rekstrarkostnaður STEFs á árinu 2011 nam 19,4% af heildartekjum samtakanna, sem er einungis í annað sinn sem næst að ná rekstrarkostnaði undir 20% í sögu samtakanna, en það gerðist síðast árið 2010. Hefur hlutfall kostnaðar af tekjum oftast verið á bilinu 20–24%, en það nálgaðist oft 30% þegar horft er lengra aftur í tímann.

Hreinar tekjur ársins 2012 námu kr. 449.153.305 á móti kr. 413.436.263 á árinu 2011 Er hér um 8,6% hækkun á milli ára.

Að því er fjárhag STEFs varðar er að öðru leyti vísað til ársreiknings samtakanna.

## 21. Úthlutun

Úthlutun höfundaréttargreiðslna á árinu 2012 nam alls kr. 340.117.012 og nam úthlutun til innlendra rétthafa kr. 237.465.179. Á árinu 2011 nam úthlutun kr. 360.395.840,- þar af var úthlutað kr. 239.386.452 til innlendra rétthafa.

Heildarúthlutun dróst því nokkuð saman milli ára og er skýringin sú að úthlutun vegna flutnings erlendis varð mun lægri en á fyrra ári í samræmi við sveiflur í tekjum vegna af

Þessum lið. Þá varð úthlutun til erlendra rétthafa einnig nokkuð lægri en árið þar á undan og er skýringin sú að var nú í fyrsta sinn stuðst við kannanir um hlutfall erlendra og innlendra tónlistar á útvarps- og sjónvarpsstöðvum í stað þess að miða við föst hlutföll.

Ofangreindar tölur hafa ekki að geyma úthlutun til rétthafa úr Nótñasjóði og Hljóðritasjóði. Árið 2012 var þannig kr. 5.210.000 úthlutað úr Nótñasjóði og kr. 12.317.251 úr Hljóðritasjóði.

Rétt er að vekja athygli á þeirri ákvörðun stjórnar STEFs að fjölga tíðni úthlutunar fyrir tónleika úr einu sinni á ári í tvisvar sinnum á ári, en nú í maímánuði mun í fyrsta sinn fara fram vorúthlutun fyrir tónleika.